



Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna, sem og annarra hópa, og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum þess. Hjallastefnan vill tryggja að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita börnum tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum án takmarkanna sem kynjakerfið setur.

Með kynjanámskránni er skólaárinu skipt í sex lotur og er hver lota í fjórar vikur. Loturnar byggjast á því að þjálfa og bæta bæði einstaklings- og félagsfærni hvers barns. Þrjár þeirra einkennast af þjálfun og styrkingu eiginleika og færni sem er oftartengd við karlmennsku á meðan hinar þrjár einkennast af þjálfun og styrkingu eiginleika og færni sem er oftartengd við kvenleika. Með því að fylgja eftir öllum sex lotum fær hvert barn því heildstæða þjálfun í einstaklings- og félagsfærni, þar sem jafnvægi ríkir á milli eiginleika sem eru oft tengdir við kyn.

## I. AGI

Lykilhugtök eru:

**VIRÐING, HEGÐUN,  
KURTEISI, FRAMKOMA**

Uppskeruvikan er **Framkomuvika**

## 2. SJÁLFSTAÐI

Lykilhugtök eru:

**SJÁLFSTYRKING, SJÁLFSTRAUST,  
ÖRYGGI, TJÁNING**

Uppskeruvikan er **Tjáningarvika**

## 3. SAMSKIPTI

Lykilhugtök eru:

**UMBURÐARLYNDI, HJÁLPSEMI,  
VÍÐSÝNI, SAMSTAÐA**

Uppskeruvikan er **Samstöðuvika**

## 4. JÁKVÆÐNI

Lykilhugtök eru:

**ÁKVEÐNI, HREINSKIPTNI,  
BJARTSÝNI, GLEÐI**

Uppskeruvikan er **Gleðivika**

## 5. VINÁTTA

Lykilhugtök eru:

**FÉLAGSSKAPUR, UMHYGGJA,  
NÁLÆGÐ, KÆRLEIKUR**

Uppskeruvikan er **Kærleiksvika**

## 6. ÁRÆÐNI

Lykilhugtök eru:

**KJARKUR, KRAFTUR, VIRKNI,  
FRUMKVÆÐI**

Uppskeruvikan er **Frumkvöðlavika**